

Tilmæli	4/2025
Tillaga	A 2000/UVN
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin

Nefndarálit um svar við tilmælum 4/2025 um aukið jafnrétti í loftslagsmálum (A 2000/UVN)

Norræna velferðarnefndin leggur til að Norðurlandaráð taki svar við tilmælum 4/2025 um aukið jafnrétti í loftslagsmálum til greina og álíti *afgreiðslu þeirra lokið* af hálfu ráðsins.

Bakgrunnur

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beinir þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

- at taka upp kerfi fyrir reglulega söfnun bestu venja til að styðja við innleiðingu UNFCCC GAP á Norðurlöndum
- at halda leiðtogafundi og málþing til að ræða samþættingu jafnréttissjónarmiða í loftslagsmálum og norræna reynslu, aðgerðir, áskoranir og starfsvenjur
- at samþætta jafnréttissjónarmið í umsóknarferli verkefna á sviði loftslagsmála og grænna umskipta.

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin þakkar Norðurlandaráði fyrir tilmælin um að auka jafnrétti í loftslagsmálum. Ráðherranefndin deilir þeirri skoðun að jafnréttismál séu grundvallaratriði fyrir skilvirk og sanngjörn græn umskipti og séu í samræmi við forgangsröðun okkar við yfirstandandi vinnu á fleiri málaefnasviðum. Við vísum í þessu samhengi til svars okkar við tilmælum 17/2024 um jafnrétti í loftslagsmálum þar sem gerð var grein fyrir ýmsum verkefnum sem miða að því að fella jafnréttissjónarmið inn í loftslagsmál. Þar á meðal:

Studien *A review of the Nordic implementation of the UNFCCC Gender Action Plan (2024)*, sem greinir innleiðingu GAP á Norðurlöndum og gefur tillögur að áframhaldandi vinnu.



Áætlunin *Nordic Leadership for Gender Equality in Climate Action (2023-2024)*, sem beinist að jafnrétti á vinnumarkaði og jöfnum aðgangi að grænum störfum.

Skýrslan *Climate Gender and Consumption*, sem greinir kynjaskipt neyslumynstur og merkingu þeirra fyrir vinnu að sjálfbærni

Nordregio-verkefnið *Not Just a Green Transition*, sem skoðar hvernig stefna í loftlagsmálum hefur áhrif á mismunandi þjóðfélagshópa, þ. á m. út frá kynjasjónarmiðum.

Samarbetet med Nordisk Energiforskning, þar sem jafnrétti í orkumálum er greint í því skyni að stuðla að nýsköpun og inngildingunni.

Norræna ráðherranefndin um jafnrétti og hinsegin málefni hefur markvisst haldið jafnréttissjónarmiðum á lofti á alþjóðavettvangi, meðal annars á COP 27, COP28 og COP29. Samstarfsáætlun ráðherranefndarinnar fyrir tímabilið 2025-2030 inniheldur sérstakt markmið um jafnrétti. Enn fremur er öllum fagsviðum Norrænu ráðherranefndarinnar skylt að innleiða jafnréttissjónarmið í starfsemi sína samkvæmt ákvörðun Norrænu samstarfsnefndarinnar.

Ráðherranefndin hefur einnig stofnað þekkingarbanka, „*En grön och jämställd nordisk region- så gör vi det i praktiken*“, sem safnar reynslu og aðferðum frá öllum norrænu löndunum.

Tilmæli 4/2025 fela í sér þrjár beinar tillögur um að koma á kerfi fyrir söfnun bestu venja til að styðja við framkvæmd GAP, að halda leiðtogafundi og málþing og að samþætta jafnréttissjónarmið í umsóknarferli loftlagsverkefna. Þessar tillögur eru í samræmi við þá vinnu sem þegar fer fram innan ráðherranefndarinnar og innan ramma núverandi áætlana og samstarfs.

Norræna ráðherranefndin telur tilmælin vera staðfestingu á því að vinna okkar hafi verið mikilvæg og byggð á traustum grundvelli. Við hyggjumst halda þessari vinnu áfram og auka hana á áætlunartímabilinu 2025-2030.

Ráðherranefndin telur hér með að orðið hafi verið við tilmælunum.

Sjónarmið nefndarinnar

Nefndin þakkar Norrænu ráðherranefndinni fyrir svarið við tilmælum 4/2025 um aukið jafnrétti í loftslagsmálum.



Nefndin er upplýst um verkefni, aðgerðir og dæmi Norrænu ráðherranefndarinnar og er sama sinnis hvað varðar vægi og mikilvægi þeirra og getur vísað til sömu sjónarmiða og við afgreiðslu tilmæla 17/2024 um jafnrétti í loftlagsmálum.

Jafnrétti í loftlagsmálum er hornsteinn grænna umskipta og loftlagsaðgerða. Það nær út fyrir norræn landamæri og tillagan hefur því vægi bæði í landsbundnu, norrænu og alþjóðlegu samhengi.

Tillagan samræmist stefnu Norðurlandaráðs og markmiðum nefndarinnar og undirstrikar mikilvægi þess að nefndin taki þátt í t.a.m. COP, CSW og öðrum landsbundnum og alþjóðlegum verkefnum sem tengjast jafnrétti, sjálfbærni í félagsmálum og sjálfbærum samfélögum.

Nefndin telur því mikið virði og norrænt notagildi fólgið í því að Norðurlönd taki forystu og safni gögnum og þekkingu um hvernig pólitískar ákvarðanir um loftslag hafa áhrif á jafnrétti.

Nefndin telur það mikið áhyggjuefni að konur komi í mun minna mæli en karlar að ákvörðunum um umhverfis- og loftlagsmál. Karlar og konur hafa almennt mismunandi neyslumynstur og mikilvægt er að aðgerðir á þessu sviði séu velígrundaðar til að lofalagsaðgerðir hafi ekki skökk áhrif á félagslega stöðu og jafnrétti.

Með þessari tillögu vill nefndin stuðla að aukinni nálgun á jafnrétti í loftlagsmálum út frá gögnum og vísindum. Tillagan styður því og skýrir vilja Norðurlanda til að fylgja markmiðum SP í norrænu samhengi.

Nefndin viðurkennir fyrrnefnd starf á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar og styður hana í vinnu sinni að því að stuðla að sjálfbærni í loftlagsmálum hvað varðar félagsmál og jafnrétti bæði á Norðurlöndum og annars staðar í heiminum.

Í því ljósi lítur nefndin á tilmæli 4/2025 um aukið jafnrétti í loftlagsmálum sem *afgreidd af hálfu ráðsins*.

Ósló, 16. september 2025

Eva Lindh (S)
Nina Fellman (sd)
Solveig Vitanza (A)
Truls Vasvik (A)
Vilhelm Junnila (saf)
Tobias Drevland Lund (Rødt)

Tone Wilhelmsen Trøen (H)
Annette Holmberg-Jansson (MSÅ),
Álandseyjum
John E. Weinerhall (M)
Maaret Castrén (saml)
Eva Biaudet (sv)



Kjerstin Wøyen Funderud (Sp)